

## Skerðing fæðingarorlofs vegur að réttindum barna

**Barnaheill – Save the Children á Íslandi mótmæla hugmyndum, sem fram koma í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011, um niðurskurð á fjárframlögum til Fæðingarorlofssjóðs sem og um styttingu fæðingarorlofsins. Slíkar hugmyndir vinna gegn markmiði laganna sem er m.a. að tryggja barni samvistir við báða foreldra og brjóta gegn ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.**

Setning laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof voru róttækt skref í þá átt að auka hlut feðra við umönnun barna sinna. Samkvæmt markmiðssetningu laganna (2. gr.) áttu þau annars vegar að tryggja barni samvistir bæði við föður og móður og hins vegar að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Í skýrslu Ingólfs V. Gíslasonar frá árinu 2007, *Fæðingar- og foreldraorlof á Íslandi*, þróun eftir lagasetninguna árið 2000, kemur fram að breytingunum var afar vel tekið í samfélaginu og hafa feður nýtt sér þennan nýja rétt sinn í ríkari mæli en búist var við. Um 90% feðra nýta rétt til fæðingarorlofs og er meðal dagafjöldi þeirra 97 dagar. Viðhorf til stöðu og möguleika karla og kvenna varðandi fjölskyldulíf og heimili hafa breyst og staða feðra hefur styrkst. Á heildina litið hafa lög um fæðingar- og foreldraorlof því sannað gildi sitt og haft jákvæð áhrif á íslenskt samfélag og stuðlað að því að auka og jafna möguleika karla og kvenna á að verja mikilvægum tíma með börnum þeirra..

Frá því að efnahagslegt hrun varð á Íslandi fyrir réttum tveimur árum, hafa greiðslur í fæðingarorlofi verið skertar í þriggja; fyrst um áramót 2008-2009 með lækkun tekjutengingar úr rúmum 535 þúsundum í 400 þúsund krónur, 1. júlí 2009 úr 400 þúsundum í 350 þúsundum og um áramót 2009-2010 úr 350 þúsundum í 300 þúsund krónur. Allar líkur eru á því að frekari niðurskurður á greiðslum úr fæðingarorlofssjóði muni hafa áhrif á þátttöku feðra í umönnun barna sinna á fyrstu mánuðum þeirra.. Starfsmenn Fæðingarorlofssjóðs verða í auknu mæli varir við að feður fresti töku feðraorlofs eða styttri tímann þar sem þeir þora ekki eða hafa ekki efni á því að hverfa af vinnumarkaði til að sinna ungvíði sínu.

Allar hugmyndir um að skerða og stytta fæðingarorlofstímamann vega að réttindum barna sem kveðið er á um í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Ísland hefur staðfest. Þannig segir í 3. grein að allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn eigi að byggja á því sem börnum er fyrir bestu. Í 5. greininni segir ennfremur að aðildarríki eigi að virða ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra til að veita börnum sínum leiðsögn og stuðning í samræmi við þroska þeirra. Í 18. greininni er minnt á að foreldrar bera sameiginlega ábyrgð á uppeldi barna sinna og að stjórnvöldum ber að veita foreldrum viðeigandi aðstoð við að rækja uppeldisskyldur sínar.

Það er óumdeilt að þau tilfinningatengsl sem myndast milli barns og foreldra þess á fyrsta ári barnsins, eru grunnurinn að öðrum tilfinninga- og félagstengslum síðar á ævinni. Barn sem getur myndað góð og heilbrigð tengsl er með sterkari sjálfsmynd og mun ganga betur í leik og starfi. Því er afar mikilvægt fyrir þroska barnsins að það fái að njóta sem mestra samvasta við foreldra sína á fyrsta æviári þess.

Ísland hefur lengst af rekið lestina í fæðingarorlofsmálum, samanborið við hin Norðurlöndin, sérstaklega þegar horft er til feðraorlofs og þess að ekki var tekin upp tekjutenging í fæðingarorlofsgreiðslum fyrr en með núgildandi lögum frá árinu 2000. Einnig er orlofsréttur hér styttri en á öllum hinum Norðurlöndunum. Frekari stytting samræmist ekki tilmælum heilbrigðisyfirvalda um brjóstagiöf og umönnun ungbarna. Barnaheill – Save the Children á Íslandi telja því að með boðaðri breytingu á fyrirkomulagi fæðingarorlofs sé vegið bæði að réttindum barna og foreldra.

Það er yfirlýst markmið stjórnvalda að forgangsraða í ríkisrekstrinum með nýjum hætti og verja grunnþjónustu. Að framansögðu má ljóst vera að fæðingarorlof er grunnþjónusta við börn og foreldra. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hvetja stjórnvöld til að hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi þegar kemur að málefnum sem snerta þau og falla frá fyrirhugaðri skerðingu og styttingu á fæðingarorlofi foreldra í hvaða mynd sem er.

Barnaheill – Save the Children eru stærstu alþjóðlegu frjálsu félagasamtökin sem starfa í þágu barna. **Framtíðarsýn samtakanna** er heimur þar sem sérhvert barn hefur fengið uppfylltan rétt sinn til lífs, verndar, þroska og þátttöku. **Hlutverk samtakanna** er að gjörbylta og bæta meðferð barna um allan heim og ná fram varanlegum breytingum til batnaðar á högum þeirra. Heimasíða samtakanna á Íslandi er [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is).

**Deleted:** Nánari upplýsingar veitir Petrína Ásgeirsdóttir ([petrina@barnaheill.is](mailto:petrina@barnaheill.is)), framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi í síma 663 0547. 📞